



## Reykjavíkurborg

### Heiti verkefnis

Allir í öndvegi - samstarfsverkefni grunnskólanna í Breiðholti.



Höfundur/höfundar

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla

Margrét Árný Sigursteinsdóttir, aðstoðarskólastjóri Seljaskóla

Skýrsla um þróunarverkefni

**Efnisyfirlit**

1. Inngangur .....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd .....	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra .....	4
4. Mat á verkefninu .....	5
5. Greinargerð um notkun styrkfjár .....	6
6. Kynning.....	6
Heimildir .....	6
Fylgiskjöl.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>

## 1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir verkefninu “Allir í öndvegi”, þróunar- og samstarfsverkefni Breiðholtsskóla, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla og Ölduselsskóla. Sagt verður frá því hvernig verkefnið varð til, þróaðist og varð að vel heppnuðu raunverulegu verkefni. Upphafið að verkefninu “Allir í öndvegi” er að grunnskólarnir fimm í Breiðholti gerðu með sér og undirrituðu samstarfsyfirlýsingu haustið 2014 um Öndvegisskólann. Í henni felst að skólarnir hafi með sér samstarf á sem flestum þeim sviðum sem eftt getur faglegt starf skólanna. Er það gert með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og snertir jafnt nám þeirra, félagslega vellíðan og öryggi. Samstarfið tekur til fjögurra sviða; nemenda, námsumhverfis, mannauðs og grenndarsamfélagsins. Starfsemi Öndvegisskólans fer fram á tvennan hátt annars vegar Öndvegisverkefni sem unnin eru í hverjum skóla og hins vegar Öndvegisbúðir sem eru sérhæfð verkefni í 6. bekkjum grunnskólanna þar sem nemendur skólanna velja sér eina öndvegisbúð í einhverjum skólanna og vinna þar að fjölbreyttum skapandi verkefnum. Sótt var sérstaklega um þróunarstyrk og var hann veittur. Í skýrslunni er verkefninu lýst, þ.e. skipulagi, umfangi og framkvæmd, farið yfir reynslu skólanna af verkefninu, mat lagt á verkefnið og farið yfir verkefnið. Að lokum eru fylgiskjöl sem eiga að varpa betri sýn og nánari útlistun á verkefnið.

## 2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

**2.1 Aðstæður.** Verkefnið er sprottið upp úr samstarfi skólastjórnenda grunnskólanna fimm í Breiðholti við Bórk Hansen, prófessor á Menntavísindasviði HÍ. Hér er um að ræða tilraunaverkefni sem getur verið öðrum skólahverfum borgarinnar og/eða bæjarfélögum hvatning til aukins samstarfs á sviði menntunar.

### 2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu – af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Markmið Öndvegisskólans er að veita nemendum skólanna tækifæri til að rækta hæfileika sína og takast á við ögrandi og spennandi verkefni í námi, vísindum og listum. Þá er lagt upp með að nýta mannauð og þekkingu í hverju skóla til hagsbóta fyrir nemendur í öllu hverfinu sem og að leita samstarfs við aðila utan skólanna. Það

hefur lengi verið markmið grunnskólanna í Breiðholti að auka samstarf sitt, efla sig faglega og skara framúr og úr þeim jarðvegi spruttu öndvegisverkefnin og öndvegisbúðirnar. Skólastjórnendur skólanna hafa lengi haft reglulega fundi og faglegt samstarf sem m.a. tók til verkefnisins “Frá aðalnámskrá til athafna” Þegar því verkefni lauk vildu skólastjórnendur halda áfram að þróa samstarf, festa það í sessi, breyta og bæta og eiga samtál um skólastarfið. Við slíkt samtál og rýni varð Öndvegisskólinn til ásamt öðrum verkefnum.

2.3 Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins –Öndvegisskólinn byggist á sameiginlegri skilgreiningu á því hvað telst til öndvegisverkefna. Skilgreiningin var unnin sameignlega af aðilum skólasamfélagsins í Breiðholti; Starfsemi Öndvegisskólans fer fram á tvennan hátt:

- 1) Öndvegisverkefni unnin í hverjum skóla. Leitast skal við að vinna a.m.k. eitt verkefni í hverjum árgangi sem fellur að skilgreiningu öndvegisverkefna. Öndvegisverkefni voru unnin í flestum árgöngum skólanna. Allir árgangar áttu að velja sér eitt verkefni sem öndvegisverkefni.
  - 2) Öndvegisbúðir. Haldin verða sérhæfð námskeið sem eru sameiginleg fyrir nemendur allrar skólanna og skal a.m.k. eitt námskeið haldið í hverjum skóla fyrir sig. Við þetta námskeiðahald verður leitað til aðila utan skólans bæði í Breiðholti og utan hverfis.  
Sem dæmi um námskeið mætti nefna: Listir og sköpun, Tölvu- og upplýsingatækni þar sem notaðir voru micro kubbar, Keewee með margmiðlunarívafi Stærðfræði, Bókmenntir og ritun, Náttúrufræði og vísindi o.s.frv.
- Hver skóli sér um eitt verkefni og skipuleggur það fyrir nemendur í 6. bekk
  - Búðirnar standa yfir í tvo daga frá kl. 8:30-14:00
  - Foreldrar sjá um morgunakstur, síðan rútur heim í skóla
  - Öndvegisbúðir settar inn á öll skóladagatöl

Gerð var gróf tímaáætlun fyrir verkefnið.

Des 2015:

- Rýnifundur með aðilum skólasamfélagsins í Breiðholti.

Vorönn 2016:

- Undirbúningur að fyrstu Öndvegisbúðum
- Öndvegisbúðir 1
- Sameiginlegt disótek nemenda í 6. bekk í öllum skólunum í haldið í Ölduselsskóla að loknum Öndvegisbúðunum. Pizzuveisla og safi fyrir alla
- Maí 2016: Kynning á afrakstri Öndvegisbúða 1 í hverjum skóla

Haustönn 2016:

- Kynning á "Allir í öndvegi" og afrakstri Öndvegisbúða á Breiðholtsbylgjunni
- Undirbúningur að öðrum Öndvegisbúðum
- Öndvegisbúðir 2
- Sameiginlegt disótek nemenda í 6. bekk í öllum skólunum í haldið í Seljaskóla að loknum Öndvegisbúðunum. Pizzuveisla og safi fyrir alla.

Vorönn 2017:

- Undirbúningur að þriðju Öndvegisbúðum
- Öndvegisbúðir 3
- Maí 2017: Lokakynning á "Allir í öndvegi" og afrakstri allra Öndvegisbúða víðs vegar um hverfið.

### *3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum og hvernig getur hún nýst öðrum?

Reynslan sem við höfum öðlast af þessum verkefnum allir skólarnir er mjög góð. Verkefnið, væntingar okkar, markmið og framkvæmd gengu eftir. Við viljum hvetja aðra skóla t.d. þá sem eru í sama skólahverfi að nýta sér slík samstarfsverkefni. Við getum hiklaust

mælt með meira samstarfi stjórnenda, starfsfólks skólanna og nemenda. Allir get lært af því. Við látum ekki staðar numið. Öndvegisskólinn heldur áfram.

#### 4. *Mat á verkefninu*

##### **Formlegt/óformlegt Leggið mat á hvernig markmið verkefnisins voru uppfyllt.**

Hvað varðar mat á verkefninu fóru skólastjórnendur skólanna saman yfir með óformlegu mati, hvernig verkefni Öndvegisskólinn hefði tekist. Voru þeir sammála um að þetta væru sannkölluð öndvegisverkefni. Einkum hefðu öndvegisbúðirnar tekist með afbrigðum vel. Mat skólastjórnenda var að undirbúningur verkefnisins, markmið, kynningar, tímarammi og lokahátíð hefðu gengið mjög vel fyrir sig og staðist alveg samkvæmt skipulaginu. Verkefni hefðu verið vel heppnuð. Flutningur nemenda í rútum heim í skólana sína að búðunum loknum hefði getað tekist betur, þ.e. sumar rútur komu seint að sækja nemendur, þó allir hefðu komist til síns heima að lokum.

Mat nemenda í 6. bekk grunnskólanna fimm eftir öndvegisbúðirnar sem einnig var með óformlegum hætti var að það hefði verið mjög gaman að vinna að fjölbreyttum verkefnum með nemendum úr öllum öðrum grunnskólunum í Breiðholti. Verkefni hefðu verið spennandi, nýbreytni að þeim, gaman að fara í aðra skóla og hitta aðra nemendur og vinna undir stjórn annarra kennara þar sem að það átti við. Sem sagt gaman að skipta um námsumhverfi. Sameiginlegt diskótek og pizzuveisla fannst þeim frábær. Verkefni hefðu líka verið krefjandi og áhugavekjandi. Allir borðuðu hádegismat í mötuneytum skólanna og fannst sumum nemendum maturinn í sínum skólum betri en aðrir voru mjög ánægðir með matinn.

Óformlegt mat hjá þeim kennurum í 6. bekk sem tóku þátt í öndvegisbúðunum var að þær hefðu tekist mjög vel, skipulag hefði verið mjög gott, gaman hefði verið að fá nýja hópa nemenda úr öðrum skólum, hóparnir hefðu verið flottir og fljótir að aðlagast, verkefni hefðu verið nægilega ögrandi og mikið nám hefði farið fram svo það helsta sé nefnt sem kennarar í skólunum tiltóku.

### 5. Greinargerð um notkun styrkfjár

**Hvernig var styrknum ráðstafað? Stýrihópur, verkaskipting, vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl.**

#### **Stýrihópur:**

Vinnulaun leiðbeinenda innan skóla:	300.000.-
Kostnaður vegna leiðbeinenda utan skóla:	250.000.-
Akstur milli skóla (rútur)	775.000.-
Kostnaður vegna lokahófs nemenda (veitingar)	175.000.-

### 6. Kynning

**Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum?**

Kynning á verkefninu í starfsmannahópnum í hverjum skóla öndvegisverkefni og öndvegisbúðir.

Fundir og skipulagning með kennurum þeirra árganga sem tóku þátt í verkefninu, sérstaklega öndvegisbúðunum.

Verkefnið var m.a. kynnt á Menntakviku 6. október 2017 þegar samráð, samstarf og samtal skólastjóra í Breiðholti við háskólaprófessor var kynnt á Menntavísindasviði HÍ á Menntakvikunni.

Umfjöllun birtist á vef Skóla- og frístundasviðs.

Fréttir á heimsíðu skólanna.

Bréf sent foreldrum um öndvegisbúðirnar

### *Heimildir*

## Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1 Lýsing á öllum öndvegisbúðunum Öndvegisbúðir - Breiðholtsskóli

---

#### Vísindi og sköpun

##### Áhersluatriði

Allir nemendur fara á 6 ólíkar stöðvar 14. og 15. nóvember. Stöðvarnar eru eftirtaldar:

- Heimur efnafræðinnar, unnið með skemmtilegar tilraunir.
- Leikur að hljóði. Hvernig virka hljóðfæri og hátalarar. Unnið með sýndartilraunir.
- Stjörnufræði. Farið í ferðalag um stjörnuhimininn og út að endimörkum alheimsins.
- Leikur að ljósi. Sýnitilraunir með ljós og búin til skrautleg mynstur.
- Vindmyllusmíði. Hvernig getum við beislað orkuna í náttúrunni, úr vindinum, vatninu, sólinni? Prófað að smíða vindmyllu.
- Smíði kappakstursbíls. Keppnisliðið TEAM SPARK segja frá því hvernig þeir bjuggu til kappakstursbíl og sýna hvernig bíllinn var búinn til og nemendur fá að spreyta sig líka.

##### Markmið:

- Læra vísindaleg vinnubrögð og finna leiðir til að fanga kraft náttúrunnar
- Þekkja leyndardóma næringarefna og læra hvað þarf til að kappakstursbíll verði að veruleika

##### Afurð:

- Unnið með tilraunir, smíða hljóðgjafa og gera vindmyllu.



## Öndvegisbúðir - Hólabrekkuskóli

---

### Margmiðlun, forritun og sköpun

#### *Áhersluatriði*

- Margmiðlun - Vefsíðugerð/Myndbandagerð
- Forritun - Micro Bit og Code.org eða Scratch
- Sköpun – FAB LAB – Tinkercad

#### *Markmið:*

- Að nemendur geri vefsíðu sem tengist tæknitengdri framtíð
- Að nemendur fái þjálfun í Micro Bit og kynnist Code.org
- Að nemendur læri að hanna í tölvum

#### *Afurð:*

- Vefsíða um tæknitengda framtíð
- Hanna hlut í Tinkercad sem hægt er að prenta út í þrívídd, laserskurðartæki eða vínilskera

## Öndvegisbúðir - Fellaskóli

---

### Dans og tónlist

#### *Afurð:*

- Tónverk tilbúið til útgáfu, leikur og söngur
- Dansverk, hip hop dans

#### *Markmið og áherslur:*

- Allir nemendur taka þátt í að semja tónverk – leikur, söngur, æfingar og hljóðritun – sem verður tilbúið til útgáfu við lok Öndvegisbúða
- Nemendur læra grunnspar í hip-hop og fá tækifæri til að semja sinn eigin dans. Þeir taka þátt í æfingum sem efla hreyfingu og liðleika.

#### *Framkvæmd:*

Þriðjudagur 14.nóv og miðvikludagur 15.nóv:

- Nemendur læra hip-hop dans og dans sem saminn er af kennara. Semja sinn eigin dans. Smiðju lýkur með danssýningu.
  - Nemendur vinna í tónstofu sem sett verður upp þar sem öll helstu hljóðfæri eru aðgengileg fyrir tónlistarsköpun. Smiðju lýkur með hljóðritun.
  - Nemendur vinna í hópum og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum
-

## Öndvegisbúðir - Seljaskóli

---

### Hreyfing og vellíðan í Breiðholti – með margmiðlunarívafi

#### *Áhersluatriði*

- Hreyfing í nágrenninu
- Náttúran í Breiðholti og útivistarmöguleikar
- Upplýsingagjöf og tungumálakennsla

#### *Markmið og áherslur:*

- Að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og þekki útivistarmöguleika
- Að nemendur kortleggi útivistarsvæði í Breiðholti og nágrenni
- Að nemendur fái þjálfun í KeyWe sem öflugss hjálpartækis við nám
- Að nemendur búi til afþreyingu í útivistarsvæðum sem þau væru líkleg til að nýta sér sjálf

#### *Afurð:*

- Kortlagning þriggja útivistarsvæða (Breiðholtsdalur – Elliðárdalur og Heiðmörk)
- Ratleikur / gönguleiðakort af svæðunum
- KeyWe verkefni hvers og eins með áhugaverðum upplýsingum um svæðin þrjú

## Öndvegisbúðir - Ölduselsskóli

---

### Fuglar - myndlist - tónlist og verkgreinar

#### *Áhersluatriði:*

- Allir nemendur búa til sinn eigin fugl út frá sínum hugmyndum.
- Nemendur vinna með lag og texta

#### *Markmið og áherslur:*

- Vinna með fugla í víðum skilningi.
- Hanna og skapa sinn fugl út frá sínum hugmyndum. Teikna, klippa, mála, lita, smíða, sauma og fleira
- vinna með lag og texta um fugla.

#### *Afurð:*

- Hver nemandi gerir fugl sem hann fær að eiga.
- Allir taka þátt í að gera tónlistarmyndband.

## Fylgiskjal 2

### Frétt um öndvegisbúðirnar sem birt var á vef Reykjavíkurborgar/SFS

#### Öndvegisbúðir í 6. bekk í öllum grunnskólum Breiðholts

Nemendur í öllum 6. bekkjum grunnskólanna fimm í Breiðholti vinna saman í svokölluðum öndvegisbúðum í skólunum dagana 17. og 18. október.

Öndvegisbúðirnar eru liður í að auka samstarf grunnskólanna fimm í Breiðholti þ. e. Breiðholtsskóla, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla og Ölduselsskóla og fá nemendur til að vinna saman að fjölbreyttum, ögrandi og ólíkum viðfangsefnum. Það er mikill áhugi hjá kennurum og nemendum fyrir þessum verkefnum.

Viðfangsefni sem nemendur taka fyrir í öndvegisbúðunum eru: Vísindi og sköpun í Breiðholtsskóla, Margmiðlun, forritun og sköpun í Hólabrekkuskóla, Dans og tónlist í Fellaskóla. Hreyfing og vellíðan í Breiðholti með margmiðlunarívafi í Seljaskóla og Fuglar – myndlist – tónlist í Ölduselsskóla. Nemendur úr öllum skólum skiptast jafnt á alla skólana.

Í öndvegisbúðinni Hreyfing og vellíðan í Breiðholti með margmiðlunarívafi sem er í Seljaskóla var farið með allan hópinn í Elliðaárdalinn, útivistarparadísina í nágrenninu. Auk hreyfingar og útivistar tók hópurinn myndir á snjallsíma af ákveðnum þemum í dalnum. Í Seljaskóla er síðan unnið úr ferðinni í svokölluðu KeyWe appi undir forystu Ólafs Stefánssonar, handboltahetju sem kenndi börnunum á hvernig nota má þetta app KeyWe við nám á frábæran hátt. Öndvegisbúðunum lýkur svo í Ölduselsskóla síðari hluta dags með diskóteki og pizzuveislu fyrir alla nemendur 6. bekkja Breiðholtsskólanna fimm.

### Fylgiskjal 3

#### Öndvegisbúðir grunnskólanna í Breiðholti – Gátlisti

- Öndvegisbúðir eru fyrir alla nemendur í 6. bekk í Breiðholtsskóla, Fellaskóla, Hólabrekkurskóla, Seljaskóla og Ölduselsskóla.
- Verkefni 2016 voru vísindi og sköpun, margmiðlun, forritun og sköpun, hreyfing með margmiðlunarívafi, dans og tónlist og fuglar, myndlist tónlist
- Sækja um styrk fyrir verkefninu.
- Skólastjórnendur velja dagsetningu fyrir öndvegisbúðir þegar farið er að vinna í skóladagatali næsta skólaárs.
- Strax rætt við kennara 6. bekkja um fyrirhugaðar öndvegisbúðir. Kennarar beðnir að kynna nemendum hlutverk og tilgang öndvegisbúða.
- Ákveða hvort öndvegisbúðardagar verði tveir eða þrír dagar. 2016 voru öndvegisbúðir 17. og 18. október. Þriðji dagurinn 19. október hafði verið hugsaður sem uppskerudagur en ekki varð úr því.
- Skólastjórnendur hittast í ágúst í upphafi nýs skólaárs til að ákveða og ræða þema öndvegisbúða og hvers skóla.
- Þegar þemu hafa verið ákveðin gera skólar kostnaðaráætlun, t.d. ef utankomandi aðilar koma að verkefninu, gera ráð fyrir rútukostnaði.
- Öndvegisbúðir hefjast kl. 8:30 í hverjum skóla og lýkur kl. 13.30 en þá koma rútur og flytja nemendur í sinn heimaskóla þar sem þörf er.
- Flutningur nemenda milli staða: Nemendur koma sér sjálfir í skólana að morgni. Rútur sækja nemendur á keyra heim í skólana.
- Uppspera 2016: Diskótek var fyrir alla skólana í Ölduselsskóla kl. 17.00-18.00 og fengu nemendur pizzu. Þetta var of stuttur tími.
- Foreldrabréf: Gera sameiginlegt bréf um öndvegisbúðirnar og hver skóli sendir sínum foreldrum. Bréf er til
- Hver skóli gerir greinargóða lýsingu á sínu verkefni og sendir á hina skólana.
- Skráningarlisti búinn til
- Valblað fyrir nemendur búíð til
- Skólar senda nafnalista í Excel um þátttakendur á hina skólana
- Skrifa frétt um öndvegisbúðirnar, taka myndir og senda fréttamiðlum
- Mat á verkefni. Gera könnun í skólunum meðal 6. bekkinga og kennara um öndvegisbúðirnar og verkefnin sem tekin voru fyrir

